

## Að vera í takt við tímann... Snjalltækni í skapandi námi

### Lokaskýrsla

Kennsluþróunarverkefnið ” er tilraunaverkefni sem hófst á vorönn 2020. Námskrárbreytingar hafa skapað aukið svigrúm fyrir kennara að þróa, prófa og innleiða nýja kennsluhætti sem taka mið af tækniveruleika skólanna en raunin er sú að margir kennaranemar telja sig vera illa í stakk búna til að nýta og miðla tækninni í eigin starfi. Markmiðið var að hanna nýtt námskeið *LVG206M - Snjalltækni í skapandi námi "Að vera í takt við tímann..."* á meistarastigi þar sem áhersla væri á að styðja við skapandi námsumhverfi nemenda og auka hæfni kennaranema til að beita nútímakennsluháttum í sínu starfi.

Námskeiðið er kennt annað hvert ár og er það skylda hjá nemendum á Sjónlistakjörsviði en opið öllum nemendum í meistaranámi í list- og verkgreinum. Tekin var ákvörðun um að meðan verið væri að prufukeyra námskeiðið að hafa það í fyrstu eingöngu opið nemendum Sjónlistakjörsviðs en vorið '22 var það opnað fyrir nemendum annarra kjörsviða list- og verkgreina (þó með hámarksfjölda 16). Námskeiðið var kennt í svokölluðum heilsdagslotum þar sem áherslan var á fyrirlestra, smíðjur, gagnrýna umræðu, vettvangsheimsóknir og verkefnavinnu. Umsjón með námskeiðinu hafði Hanna Ólafsdóttir en jafnframt komu að því aðstoðakennarar en þeir voru Björgvin Ívar Guðbrandsson, Arnar Steinn Friðbjarnarson og Tryggvi Brian Thayer.

Á námskeiðinu fengu nemendur innsýn og þekkingu á að vinna myndræn verkefni þar sem tækni og listrænt nálgun fléttast saman. Skoðað var hvernig stafrænar miðlunarleiðir og gagnvirkir miðlar geti eflt og stutt við skapandi hugsun nemenda og hvernig þær gætu nýst kennurum til að styðja við hefðubundnar aðferðir. Nemendur fengu m.a. innsýn og örkennslu í notkun tækja- og tæknibúnaðar í stuttmyndagerð, gerð hljóðvarpa, rafbóka, þrívíddarskönnunar, skoðuðu möguleika gagnaukins veruleika til kennslu og nýtingar samfélagsmiðla. Einnig var boðið upp á vettvangsheimsóknir (bæði í fyrirtæki og stofnanir) ásamt því að nemendur voru hvattir til að fara á eigin vegum utan þeirra.

Undir lokin námskeiðsins unnu nemendur lokaverkefni (kennsluverkefni) í gegnum ferli sem byggja átti á hugmyndavinnu, úrvinnslu, afurð og miðlun. Meðal lokaverkefna nemenda voru m.a. kennslumyndbönd, rafræn kennsluverkefni (rafbækur), netsíður og hljóðvarp. Einnig unnu nemendur minna kennsluverkefni sem unnið var í samráði við listasafn á Höfuðborgarsvæðinu.

Í heildina litið má segja að verkefnið hafi heppnast vel eins og vísbendingar úr könnun sem gerð var á meðal nemenda ásamt kennslukönnun námskeiðsins hafa sýnt. Má þar ráða að þeir hafi yfirleitt verið ánægðir með ferlið, þrátt fyrir að einstaka nemanda hafi í upphafi haft áhyggjur af því að vera ekki ”nógu” tæknivæddir. Flestir töldu sig hafa öðlast færni og sjálfstraust til leiðbeina eigin nemendum sem kjósa að vinna verkefni af þessum toga og sögðust vera reynslunni ríkari. Einnig töluðu þeir um ánægju á að kynnast skapandi leiðum til að tengja eigið kennsluefni söfnum/safnafræðslu og þjálfu um leið stafrænt læsi. Áhugavert var að margir nefndu óspurðir að þeir hefðu þurft námskeið af þessum toga mun fyrr í náminu og fannst leitt að hafa ekki haft möguleika á álfka námskeiði í grunnnáminu. Þetta námskeið gæti þá verið framhald af því þar sem farið var ansi geyst í sum atriði.

Við teljum að við höfum náð þeim markmiðum okkar að auka hæfni kennaranema til að beita nútímakennsluháttum í sinni vinnu og jafnframt að stuðla að öfluglu námssamfélagi kennaranema þar sem þau læra hvert af öðru, sem og af kennurum. Draumastaða væri að námskeiðið verði kennt árlega og starfandi kennara fái aðgang að því í gegnum endurmenntun.

Umsjónarkennari námskeiðsins hefur þegar kynnt verkefnið á Menntakviku 2021 og á Menntastefnumótinu. Þá stendur til að kynna verkefnið í Kaupmannahöfn 2022 (Vild annual conference

2022: Art for change) og með greinarskrifum í nettímaritinu Netlu í þeim tilgangi að hvetja aðra kennara til að efla notkun stafræna miðla í kennslu. Verkefnið er ennþá í ferli og hefur undið upp á sig m.a. með þátttöku nemenda í Astrid (Lysitgarði möguleikanna) þar sem tæknin er notuð til að kanna möguleika á notkun sýndarveruleika í kennslu um loftslagsmál. Kynnt á Menntakviku 2022.